

Stærðarmunur kynjanna og áhrif hans á lífssögu ungra minka (*Neovison vison*)

Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee
Náttúrustofa Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi og
Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Öskju v/Sturlugötu, 101 Reykjavík

Páll Hersteinsson
Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Öskju v/Sturlugötu, 101 Reykjavík

Kynjamunur í stærð (sexual dimorphism) einkennir spendýr er stunda fjölkvæni eða fjöllyndi [1] og er sérlega áberandi hjá marðardýrum (Mustelidae), þar sem karldýr eru jafnan talvert stærri en kvendýr. Nokkuð hefur verið ritað um þróunarfræðilegar ástæður kynjamunar [t.d. 2].

Talsverður kynjamunur er á stærð minka (*Neovison vison*). Skoðað var samspil kynjamunar við eftirfarandi þætti hjá ungum minkum, með því að greina gögn sem aflað var með rannsóknum á afla veiðimanna og merkja unga minka með senditækjum: a) Vaxtarhraða (lengd og þyngd) frá goti til fullorðinsstærðar, b) hvort kynjahlutfall innan gots hafi áhrif á hvolpafjölda, c) hvenær hvolpar hætta á spena, d) hvenær hvolpar fara að heiman að haustlagi og e) hversu langt þeir fara.

Minkalæður gutu fyrir eða um miðjan maí. Vaxtarferlar voru reiknaðir út frá stökum mælingum á þyngd 1.518 minka. Við got var ekki marktækur munur á stærð kynjanna en hann varð tölfræðilega marktækur í júnílok og hélt áfram að aukast. Fullvaxta voru steggir að jafnaði 16% lengri og 68% þyngri en læður. Vaxtarhraði steggja var talsvert meiri en læðna en þær náðu þó 90% af fullri líkamsstærð dálitlu fyrr (lengd 14 vikna og þyngd 17 vikna) en þeir (lengd 15 vikna og þyngd 19 vikna). Breytileiki innan kyns var mikill í þyngd minka frá 5-12 mánaða aldurs, sér í lagi hjá steggjum (CV=0,22), sem voru á bilinu 583-1.770 g. Breytileikinn í lengd var mun minni (CV=0,05). Þyngd segir því væntanlega talsvert um líkamsástand dýranna.

Kynjahlutfall var jafnt í minkastofninum. Framangreint bendir þó til að mun orkufrekara sé fyrir minkalæðu að sjá fyrir steggjum en læðum.

Minkahvolpar nærðust eingöngu á mjólk fyrstu vikurnar en byrjuðu að éta fasta fæðu í fyrri hluta júní. Í byrjun júlí voru þeir vandir af spena. Skoðaður er kynjamunur hvað þetta varðar.

Minkar dvöldu á heimasvæði móður fram á haust en fóru að heiman í ágúst-október, flestir í september. Ekki fannst teljandi kynjamunur hvað það varðar, nema hvað vísbendingar voru um að hlutfallslega fleiri læður dveldu áfram á sama svæði og þær ólust upp. Mælingar á vegalengdum bentu til að flestir minkar færu fremur stutt að heiman (< 5 km) en nokkrir færu alllangt (hámarksvegalengd 43 km). Ekki var tölfræðilega marktækur munur á kynjunum (Box-Cox umbreyting og t-próf, p=0,83). Þó var tilhneiging til að læður færu annað hvort mjög stutt eða mjög langt en vegalengdir steggja dreifðust meira.

Ungir minkar af báðum kynjum voru heldur líklegri til að fara langt þegar þeir fóru að heiman ef þeir voru í lélegu ásigkomulagi. Ungir minkasteggir sem voru í góðu ástandi í ágúst voru líklegri en þeir sem léttari voru til að lifa haustið af (χ^2 -próf, p<0,01).

[1] J.L. Brown 1975. The Evolution of Behaviour. Norton, New York.

[2] P.J. Moors 1980. Oikos 34: 147-158.